



Frá mínum sjónarhól

Verkefni um kynjajafnrétti fyrir Heimsmarkmiðin

2x45
mín

8-14
ára

Viðfangsefni

Borgararéttur, PSHE (Personal, social and health education), Samfélagsfræði

Námsmarkmið

- Að skilja umgjörð og samhengi Heimsmarkmiðanna fyrir sjálfbæra þróun.
- Að öðlast betri skilning á einu hnattrænu viðfangsefni, jafnrétti kynjanna, til þess að sjá fyrir sér virkari og áhrifaríkari alþjóðlegan borgararétt.
- Að nýta svæðisbundnar staðtölur í aðgerð sem stuðlar að því að ná Heimsmarkmiðunum.
- Að safna saman, vinna úr, reikna út, túlka og greina gögn, nýta þau í raunverulegum aðstæðum og bera niðurstöðurnar saman við þá útkomu sem búist var við.

Undirbúningur

- Kennsluefninu er skipt í tvær kennslustundir, auk heimaverkefnis. Gerið ráð fyrir að fara yfir efni fyrri kennslustundarinnar á einum degi og setja þá fyrir heimaverkefni, og að seinni kennslustundin verði skömmu síðar og þá verði verkefnið klárað.
- Lesið bæði yfirlitið og alla kennsluáætlunina.
- Ef hægt er, undirbúið búnað til að sýna aðra eða báðar stuttu teiknimyndirnar, allt eftir því hvernig þekkingu nemendanna á Heimsmarkmiðunum er háttáð.
- Prentið út Viðauka nr. 3 og 4, svo hver nemandi fái eitt eintak



Yfirlit kennslustunda 1 og 2

Undirbúningur : Prentið út könnun og veggspjald (Viðaukar 3 og 4) fyrir hvern nemanda og ef hægt er, undirbúið sýningu stuttu teiknimyndanna eða hafið handrit þeirra tilbúin til að lesa fyrir nemendur (Viðauki 2).

Fyrsta kennslustund

45
mín

Skref 1 Horfið á fyrsta hluta „World’s Largest Lesson“ til upprifjunar (eða í fyrsta sinn):
<https://vimeo.com/138852758>

Ath: Ef nemendur eru þegar kunnugir Heimsmarkmiðunum, farið þá beint í skref 2.

Skref 2 Horfið á nýja „World’s Largest Lesson frá 2016: <https://vimeo.com/178464378>

Skref 3 Beinið sjónum að Heimsmarkmiði nr. 5, jafnrétti kynjanna, með stuttum umræðum og verkefni.

Skref 4 Lesið magnaða sögu um eitthvert ákveðið vandamál sem tengist Heimsmarkmiði nr. 5 og lausn á því

Skref 5 Undirbúið verkefnið: Útskýrið könnunina og samhengi hennar (Viðauki 3); ræðið við nemendur hvaða niðurstöðum þeir búist við úr könnuninni; og setjið nemendum það fyrir að fylla út könnunina með fjölskyldu sinni og heimabyggð.

Note: Ef hægt er, sýnið nemendum stutt hvatningarmyndband Emmu Watson:
<https://vimeo.com/174213067> og hvetjið nemendur til þess að kynna sér málið nánar á:
www.heforshe.org

Önnur kennslustund

45
mín

Skref 1 Þegar nemendur eru komnir aftur eftir að hafa gert kannanirnar, reiknið kynjahlutföll og fullgerið veggspjöld (Viðauki 4).

Skref 2 Ef hægt er, hlaða nemendur (eða bekkurinn í heild) gögnum úr könnununum upp á:
<http://worldslargestlesson.globalgoals.org/worlds-largest-lesson-2016-focus-on-goal-5-gender-equality/>. Vefsíðan reiknar út kynjahlutföll og býður upp á birtingu á samfélagsmiðlum

Skref 3 Deilið, túlkið og greinið niðurstöðurnar og berið þær saman við niðurstöður úr öllum bekknum, skólanum, nærsamfélaginu, landinu og heiminum öllum!

Eða - látið nemendur taka mynd af úrlausnarblaði sínu og hlaðið þeim upp á síður „World’s Largest Lesson“ á samfélagsmiðlum:
Twitter <https://twitter.com/TheWorldsLesson>,
Facebook <https://www.facebook.com/TheWorldsLargestLesson/>
Instagram <https://www.instagram.com/theworldslesson/>

Skref 4 Ræðið og skipuleggið hvernig við getum lagt jafnrétti kynjanna og Heimsmarkmiðunum lið og skoðið HeForShe, UN Women og fleiri frábær samtök sem eru að gera frábæra hluti á sviði stuðnings við konur og stelpur.

Ath: Ef ekki er unnt að sýna teiknimyndirnar þá er í Viðauka 1 mynd af Heimsmarkmiðunum og í Viðauka 2 eru handrit sem hægt er að lesa. Hægt er að nota kennsluefnið án aðgangs að interneti, en til þess að deila gögnum úr könnununum og veggspjöldum verður að senda þau með pósti á næstu UNICEF-skrifstofu.

Almenn athugasemd til kennara varðandi kennslu um málefni sem gætu verið viðkvæm

Í umræðum við nemendur gæti þurft að sýna nærgætni og taka tillit til bakgrunns og reynslu nemenda. Kennslustofan á að vera öruggur staður fyrir nemendur til að deila skoðunum sínum og jafnvel reynslu. Vera má að einhverjir nemendur vilji sleppa við ákveðnar umræður og þær óskir ætti að virða.

Kynferði getur verið viðkvæmt mál fyrir suma en við teljum að þetta kennsluefni feli í sér spennandi verkefni í staðreyndaleit þar sem stefnt er að því að læra meira um heiminn út frá sjónarmiði kynjajafnréttis sem er aðeins eitt af 17 Heimsmarkmiðum. Okkur er einnig ljóst að það er óvíst að allir samsami sig við annað þeirra tveggja kynja sem hér eru í brennidepli. Ef þið viljið, getið þið bætt við dálki í könnunina til að gefa kost á fleiri kynjum.

Athugið að þetta kennsluefni er hannað til að eiga við alla hugsanlega nemendur í heiminum þar sem fjölbreytnin hvað varðar bakgrunn, menningarheim, trúarbrögð o.s.frv. er nánast óendanleg. Af þessum sökum gæti verið að þið vilduð fara dýpra í einhver málefni eða bæta einhverjum við.

Hægt er að fara nánar í út í ýmis málefni út frá kennsluefninu og við hvetjum ykkur til að kanna þau að vild. Ítarlegra kennsluefni um jafnrétti kynjanna og öll Heimsmarkmiðin er að finna á á heimasíðunni okkar <http://www.globalgoals.org/worldslargestlesson>

Í eftirfarandi heimildum eru leiðbeiningar sem gætu reynst gagnlegar, um það hvernig á að nálgast umdeild málefni í kennslustofunni.

Leiðbeiningar Oxfam í Bretlandi um kennslu umdeilda málefna

<http://www.oxfam.org.uk/education/teacher-support/tools-and-guides/controversial-issues>

Leiðbeiningar Historical Association um kennslu tilfinningahlaðinnar og umdeildrar sögu

<http://globaldimension.org.uk/resources/item/1522>

Mörgum kennurum hefur þótt gagnlegt að nýta aðferðir Philosophy for Children þegar mál af þessu tagi eru til umræðu. Sjá nánar hér: <http://globaldimension.org.uk/news/item/13650>

Þakkir

With Við þökkum Joe McCrudden í Greenford High School í London og d'Arcy Lunn hjá Teaspoons of Change.

Sérstakar þakkir til Esri fyrir að gera okkur kleift að nota kortahugbúnað fyrir landfræðiupplýsingakerfi.

Full kennsluáætlun – Kennslustund 1

Skref 1: Kynning á Heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun

5
mín

Sýnið nemendum fyrsta hluta teiknimyndarinnar „World's Largest Lesson“ – Inngangur að Heimsmarkmiðunum: <http://worldslargestlesson.globalgoals.org/introduce-the-global-goals/>

Þetta mun annaðhvort kynna þau fyrir Heimsmarkmiðunum eða vera góð upprifjun á því hver markmiðin eru og hvernig þau tengjast okkur öllum.

Athugasemd: Það er til styttri (3ja mínútna) útgáfa af myndinni, þó einungis á ensku: <https://vimeo.com/140567572> og á táknmáli: <https://vimeo.com/142124730>

Ef ekki er unnt að sýna teiknimyndina, notið þá Viðauka 1 til að taka stuttlega saman Heimsmarkmiðin og útskýrið:

Heimsmarkmiðin fyrir sjálfbæra þróun eru áætlun sem þróuð er af Sameinuðu þjóðunum og öll aðildarríkin hafa samþykkt að fram til ársins 2030 verði unnið að því að:

- i. **Berjast** gegn misrétti á heimsvísu.
- ii. **Binda enda** á sárafátækt.
- iii. Og **virða** plánetuna okkar.

Mikilvægir liðir kennslunnar

Nemendur ættu að skilja til fulls að í gangi er hnattræn áætlun fyrir alla, hverjir sem þeir eru eða hvar sem þeir búa, til að finna lausn á þeim vanda sem mestu skiptir fyrir mannfólkið og plánetuna.

Öllum markmiðunum er hægt að ná með samstöðu og með því að virkja hvern og einn. Hvetjið nemendurnar í gegnum allt námsefnið til að ræða hugsanir sínar, tilfinningar og vangaveltur um það hvernig samstaða gæti greitt fyrir jafnrétti kynjanna.

Skref 2: Hvað getum við gert til að ná markmiðunum?

5
mín

Horfið á nýju (2016) „World's Largest Lesson“ teiknimyndina – take action: invent, innovate, campaign www.globalgoals.org/worldslargestlesson

Þetta er 5 mínútna löng teiknimynd þar sem litið er á dæmi hvaðvæna úr heiminum um ungt fólk sem notar uppfinningar, nýsköpun og baráttuherferðir til að styðja við Heimsmarkmiðin.

Ef ekki er hægt að sýna myndbandið, lesið þá handritið í Viðauka 2.

Skef 3: Beinið sjónum að Heimsmarkmiði nr. 5 - Jafnrétti kynjanna

5
mín

Þetta skref er ætlað til þess að nemendur ræði hugsanir, tilfinningar og vangaveltur varðandi eitt af Heimsmarkmiðunum, markmið nr. 5 (Jafnrétti kynjanna).

Útskýrið fyrir nemendum að það sem eftir er af kennsluefninu snúist fyrst og fremst um eitt ákveðið Heimsmarkmið og þar gefist þeim kostur á að leggja sitt af mörkum til að það náist.

Heimsmarkmið nr. 5 Jafnrétti kynjanna "Tryggja jafnrétti kynjanna og valdeflingu allra kvenna og stúlkna".

Í kennsluefninu er lögð áhersla á eina leið að þessu marki, á eitt af þeim sérstöku undirmarkmiðum sem eru hluti af samkomulagi leiðtoga heimsins um Heimsmarkmiðin: „*Tryggja jafna þátttöku og jöfn tækifæri til forystu á öllum sviðum ákvarðanatöku í pólitísku, efnahagslegu og samfélagslegu samhengi fyrir konur og karla*”.

Tjáðu þig

5
mín

Spyrjið nemendur spurninga. Látið nemendur standa upp (eða rétta upp hönd) ef þeir eru sammála eða setjast niður ef þeir eru ósammála eftirfarandi fullyrðingu:

Heldur þú að kynjamisrétti ríki í heiminum?

- Biðjið þá sem standa um að nefna dæmi sem sýna að kynjamisrétti fyrirfinnist T.d. sumar konur fá minna borgað en karlmenn fyrir sömu vinnu
- Biðjið þá sem sitja um að nefna dæmi sem sýna að kynjajafnrétti fyrirfinnist T.d. í ríkisstjórn Kanada er jafnt hlutfall karla og kvenna

Biðjið nemendur að ræða eftirfarandi spurningar (allar eða nokkrar) í þörum eða litlum hópum:

- Hvernig væri heimurinn ef kynjajafnrétti ríkti alls staðar?
- Hverju heldur þú að það myndi breyta í heiminum?
- Hverju heldur þú að það myndi breyta fyrir þig?
- Finnst þér að þú getir stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna í heiminum?
- Dettur þér einhver í hug sem er góð fyrirmynd um jafnrétti kynjanna?

Eftir að umræðum er lokið, biðjið nemendur að fjalla stuttlega um svörin:

- Var eitthvað áhugavert sem þau komust að eða ræddu?
- Vöktu þau einhverjar spurningar hjá þeim?
- Er eitthvað sem þau myndu vilja segja frá eða ræða sem bekkur?

Það sem eftir er af þessu kennsluefni hjálpar til við að fræðast meira um málefni sem komu e.t.v. upp í umræðunum, með hjálp sögu og verkefni í gagnasöfnun.

Skref 4: Áhrifamikil saga

Lesið söguna hér að neðan til þess að skoða eitt ákveðið vandamál úr Heimsmarkmiðunum og lausn þess, sem lýtur að konum, stúlkum og menntun (Heimsmarkmið nr. 4 og 5).

Söguna er hægt að segja á ýmsan hátt, allt eftir samsetningu bekkjarins og fyrirkomulagi kennslustundar. Athugið að fyrstu tvær leiðirnar eiga betur við þar sem allur bekkurinn er saman:

1. Segið einfaldlega söguna og biðjið nemendur að reyna að átta sig á um hvern hún fjallar.
2. Takið hlé eftir hverja efnisgrein og spyrjið spurningar sem nemendur eiga að ræða í 30 sekúndur á milli efnisgreina (spurningarnar eru gefnar hér að neðan).
3. Skiptið nemendum í hópa, lesið hverja efnisgrein fyrir sig og biðjið hópana um að sviðsetja inntakið í leikrænni uppstillingu (freeze frame) sem vísar til þess hluta sögunnar sem var verið að lesa.

Málfarið í sögunni er miðað við nemendur á lágu getu-/aldurstigi. Kennarar gætu viljað aðlaga söguna til að mæta þörfum eldri eða getumeiri nemendum.

Einu sinni var stelpa sem fannst óskaplega gaman í skólanum. En stjórnmálaleiðtogarnir þar sem hún bjó vildu ekki að hún færi í skóla. Þeir réðust á skólana og reyndu að koma í veg fyrir að stelpur gengju í skóla.

Spurning: Hvað myndir þú gera ef fólk sem færir með völd á þínum heimaslóðum réðist á skólann þinn og segði að þú (hvort sem þú ert strákur eða stelpa) mættir ekki lengur fara í skólann?

Einn daginn byrjaði þessi stelpa, sem þá var bara ellefu ára, að halda ræður og skrifa blogg þar sem hún sagði að stelpur ættu líka að fá að fara í skóla.

Spurning: Hvernig heldur þú að fólkið með völdin, sem var á móti því að stelpur gengju í skóla, gæti hafa brugðist við þegar hún byrjaði að gera þetta?

En valdafólkið sem vildi ekki að stelpur gengju í skóla ætlaði að hræða stúlkuna til að hætta að segja fólki þessa hluti. Það vissi að margt fólk alls staðar að úr heiminum hlustaði á það sem hún sagði og gerði henni ljóst ef hún héldi þessu áfram yrði henni gert mein.

Spurning: Ef einhver hótaði þér fyrir að segja skoðun þína, myndirðu þá hætta eða halda því áfram samt?

Stelpan hætti ekki að segja skoðanir sínar. Dag nokkurn, þegar hún var fjórtán ára, kom maður að rútunni sem var að aka henni heim úr skólanum og skaut hana. Byssukúlan fór í höfuðið á henni. Til allrar hamingju dó stelpan ekki.

Spurning: Ef þér hefði verið gert mein fyrir að segja skoðanir þínar, en lifað það af, myndirðu þá hætta að segja skoðanir þínar?

Farið var með stelpuna til annars lands og hún lifði af. Hún kláraði skólagöngu sína og heldur áfram að segja heiminum að stelpur ættu að fá að ganga í skóla.

Spurning: Hvað finnst þér um þessa stelpu? Heldurðu að það sem hún gerði hafi haft áhrif? Hvers vegna/ hvers vegna ekki?

Þú getur sagt frá því að stelpan er Malala Yousafzai og þetta gerðist á árunum 2008 til 2012. Árið 2014 fékk hún Friðarverðlaun Nóbels og er nú einn helsti áhrifamaður í alþjóðlegri baráttu fyrir jöfnum rétti allra til menntunar, sérstaklega stúlkna.

Valfrjálst aukaverkefni

Biðjið nemendur að hugleiða og svara eftirfarandi fullyrðingum og spurningum:

- Er Malala Yousafzai fyrirmynd í þínum augum? Hvers vegna / hvers vegna ekki?
- Konur geta verið leiðtogar og fyrirmyndir ekki síður en karlar.
- Heldurðu að við þurfum fleiri fyrirmyndir eins og Malala í öllum heiminum og í nærumhverfi okkar?
- Gætir þú verið eins og Malala, beitt þér af ástríðu fyrir því sem þú trúir á, í þínu samfélagi?

10
mín

Skref 5: Heimaverkefni – Staðreyndaleit!

Útskýrið fyrir nemendum að þeir geti lagt sitt af mörkum til að ná Heimsmarkmiði nr. 5, jafnrétti kynjanna, með því að klára heimaverkefni - könnun.

Þessi könnun mun hjálpa þeim og öðrum að fræðast um stöðu jafnréttismála í fjölskyldum þeirra, nærumhverfi og í heiminum öllum.

Útskýrið samhengið

1. Áður en þið útdeilið könnununum (Viðauki 3) skuluð þið útskýra fyrir nemendum samhengið um stöðu mála í heiminum með staðreyndum og tölum
 - a. Í ágúst 2015 var 21 kona þjóðhöfðingi eða oddvita ríkisstjórnar í löndum heimsins, sem telja 193
 - kynjahlutfallið er 11 : 89 konur : karlar
 - b. Í heiminum eru aðeins 22% kosinna þjóðhöfðingja eða oddvita ríkisstjórna konur
 - kynjahlutfallið er 22 : 78 konur : karlar (tölurnar eru sóttar á heimasíðu UN Women)
2. Undirstrikið ætlunarverk Heimsmarkmiðanna með því að lesa eftirfarandi atriði úr upplýsingum um Heimsmarkmið nr. 5 Jafnrétti kynjanna, 50 : 50.
 - a. Leiðtogar okkar og höfundar Heimsmarkmiðanna ákváðu að heimurinn þyrfti:
 - i. Fleiri kvenkyns leiðtoga
 - ii. Fleiri konur sem stýra stofnunum, viðskiptum og fyrirtækjum
 - b. Markmiðið er að árið 2030 verði jafn margar konur og karlar í slíkum stjórnunarstöðum. Frekari upplýsingar um Heimsmarkmiðin fyrir sjálfbæra þróun er að finna á <http://www.un.is/heimsmarkmidin>

Setjið könnunarverkefnið fyrir

1. Ef hægt er, sýnið myndband Emmu Watson <https://vimeo.com/174213067>

Ef það er ekki hægt, lesið þá verkefnislýsinguna á næstu síðu.

Áðan vorum við að skoða tölur sem sýna að við eigum langt í land með að ná jafnrétti kynjanna. Og við höfum heyrt um hvernig það tengist Heimsmarkmiðunum og Heimsmarkmiði nr. 5

World's Largest Lesson, UN Women HeForShe-framtakið, UNICEF, stjórnvöld og öll samtökin sem styðja Heimsmarkmiðin álíta að það myndi breyta miklu ef allar stúlkur og drengir ælust upp við það að trúa að þau geti afrekað hvað sem er. Ein leið til að það geti orðið er að allir hefðu sterkar fyrirmyndir og leiðtoga í samfélaginu til að líta upp til sem sýndu þeim hvað er mögulegt.

Margir gætu haldið að þetta væri þegar raunin í mörgum heimshlutum en er það svo? Hversu oft leiðum við hugann að kynjahlutföllum meðal þeirra sem taka ákvarðanir og gegna störfunum sem hafa hvað mest áhrif á líf okkar? Erum við virkilega að færast nær heimi jöfnuðar, þar sem jafnt hlutfall karla og kvenna sinnir störfum lækna, fréttamanna, stjórnmálamanna, lögreglu, yfirmanna, dómara og fleiri störfum í þá áttina.

Eina leiðin til að kalla fram breytingar er að vita staðreyndir málsins vita hver upphafsstaðan er. Þess vegna er verið að biðja ykkur að taka þátt í mjög áhugaverðu verkefni til að mæla hver staðan er í jafnréttismálum þar sem við búum.

Hér er verkefnið (haldið uppi blaðsíðunni sem notuð er til að skrá niðurstöður könnunarinnar Viðauki 3). Það er mjög auðvelt í framkvæmd. Hugmyndin er sú að þið fyllið út eyðublaðið og reiknið út hlutfall út frá niðurstöðunum.

Þegar verkefninu er lokið og þið komið aftur í skólann þá færum við niðurstöðurnar inn á „veggspjaldið“ (sýnið veggspjaldið, Viðauki 4) til að sýna jafnvægi eða misvægi milli kvenna og karla. Svo getum við gengið í lið með öðrum út um allan heim og lagt fram okkar gögn og vitneskju á heimasíðu World's Largest Lesson, og tekið þátt í að búa til heimskort sem sýnir hvernig jafnrétti kynjanna stendur einmitt núna þá getum við borið saman og verið betur upplýst um jafnrétti kynjanna bæði heima og á heimsvísu!!

2. Útdeilið könnunum (Viðauki 3).
3. Útskýrið fyrir nemendum að þau eigi að spyrja spurninga heima fyrir og fylla út könnunina.

Hugsið, spáið, framkvæmið og sannreynið

5
mín

Áður en nemendurnir fara með kannanirnar heim, bryddið upp á lokaumræðum svo þau tileinki sér könnunina, skilji tilgangi hennar og til að sjá hvort það sem þau búast við verði í samræmi við niðurstöðurnar.

Notið einhverjar af eftirfarandi spurningum til að kveikja umræður, tilgátur og rökstuðning:

1. Haldið þið að leiðtogar og þeir sem taka ákvarðanir á ykkar heimaslóðum og í ykkar landi séu karlar og konur í jöfnum hlutföllum (50 : 50)?
2. Hvaða niðurstöðum um kynjahlutfall búist þið við úr könnuninni?
3. Rökstyðjið spár ykkar og af hverju þið haldið að staðan sé svona
4. Þegar niðurstöðurnar liggja fyrir, hvernig geta þær hjálpað ykkur að verða virkari heimsborgarar?

Athugasemd: Til að spara tíma mætti láta getumeiri nemendur vinna allt verkefnið heima, þ.m.t. útreikninginn á kynjahlutföllunum og jafnvel veggspjaldið. Þeir geta fengið foreldra sína í lið með sér!

Full kennsluáætlun: Kennslustund 2

Í þessari kennslustund er áherslan lögð á að klára veggspjöldin, bera saman, greina, túlka og ræða niðurstöðurnar.

Athugasemd: Til að spara tíma mátti láta nemendur klára verkefnið að fullu heima, þ.m.t. útreikning á kynjahlutföllunum og veggspjaldið. Ef það var gert, farið þá beint í skref 2..

Skref 1: Ljúkið við veggspjaldið

10
mín

Leiðbeinið nemendum, með hjálp skýringa í viðauka 5, við að reikna út kynjahlutföll og klára veggspjaldið með því að lita báða helminga myndarinnar í samræmi við útreikninginn.

TIL VARA: Ef þetta er of erfitt eða tímafrekt fyrir hvern nemanda fyrir sig, safnið þá saman könnunum, reiknið út meðaltalið og sendið inn eitt kynjahlutfall og veggspjald fyrir allan bekkinn, árganginn eða skólann.

Skref 2: Hlaðið upp gögnum og deilið

10
mín

Athugið: Til þess þarf aðgang að interneti. Að öðrum kosti getið þið sent veggspjöldin til UNICEF-skrifstofunnar í heimalandi ykkar.

Þá er komið að því að koma niðurstöðunum á framfæri til þess að skapa vitundarvakningu og leggja baráttunni lið ásamt heiminum öllum.

Nemendur, annað hvort hver með sínar niðurstöður eða allur bekkurinn með sameiginlegar, fara á þessa síðu og hlaða gögnunum upp: <http://worldslargestlesson.globalgoals.org/FromWhereIStand>

Með þessu móti komast upplýsingarnar í gagnið og niðurstöður nemendanna birtast öllum heiminum. Þegar nemendurnir (eða kennarinn fyrir hönd bekkjarins) eru búnir að hlaða upp gögnunum mun vefsíðan reikna út kynjahlutfallið og sýna niðurstöðurnar ykkar á heimskorti.

Það er líka hægt að deila niðurstöðum á samfélagsmiðlum (eða í gegnum samfélagsmiðlasíður skólans) og með World's Largest Lesson til að sýna gögnin og bera þau saman við aðra bæði nær og fjær!

ÉÐA látið nemendur taka myndir af handgerðu veggspjöldunum sínum og deila þeim ásamt hlutföllunum sem þeir reiknuðu út með World's Largest Lesson á:

Twitter: <https://twitter.com/TheWorldsLesson>

Facebook <https://www.facebook.com/TheWorldsLargestLesson>

Instagram <https://www.instagram.com/theworldslesson>

Skýrið út fyrir nemendum að þetta sé raunveruleg leið fyrir þau til að gera sitt til að ná fram breytingum þar sem þeirra er þörf.



10
mín

Skref 3: Sýnið og segið frá – Hverju komust þið að?

Þetta er tækifæri fyrir nemendur til að gera uppgötvanir um sjálfa sig og bekkinn. Leitist við að skapa aðstæður þar sem nemendur geta hugsað, rætt og fengið hugmyndir að lausnum til að ná Heimsmarkmiði nr. 5.

1. Sýnið og segið frá - Látið nemendur deila veggspjöldunum sínum með öðrum í bekknum og bera þau saman. Getu þau komist að einhvers konar niðurstöðu eða meðaltali um uppgötvanir sínar og niðurstöður sem bekkur?
2. Látið nemendur, tvo og tvo saman, ræða hvar nærsamfélag þeirra sé stótt með tilliti til jafnréttis kynjanna og Heimsmarkmiðanna. Hversu langt eru þau frá markmiðinu um jafnt kynjahlutfall?
3. Ræðið niðurstöðurnar sem bekkur (eða hópur) og skoðið þær miðað við það sem þau bjuggust við áður en þau gerðu könnunina. Höfðu þau rétt fyrir sér eða ekki? Var eitthvað sem kom þeim á óvart?
4. Biðjið nemendur um að hugsa eða skrifa niður þá þrjá helstu hluti sem þau gætu persónulega gert til þess að tryggja að kynjajafnvægi leiðtoga sé sem jafnast þegar þau verða eldri.
5. Búið til aðgerðaráætlun fyrir bekkinn eða kjósið um bestu hugmyndirnar og berið saman við aðra bekki og stefnið að því að framkvæma þær.
6. Þetta væri líka ágætt tækifæri til að deila með nemendum frábæru efni og dæmum um fólk og samtök sem helga sig jafnrétti kynjanna.
 - a. UN Women samtökin og HeForShe framtakið eru ágætir staðir til að byrja á <http://www.heforshe.org/>, <http://www.unwomen.org/en/news/in-focus/csw/from-where-i-stand>

10
mins

Skref 4: Deilið og berið saman

1. Ef þið hafið tæknina til, þá skoðið annað hvort <http://worldslargestlesson.globalgoals.org/FromWhereIStand> eða finnið World's Largest Lesson á einhverjum samfélagsmiðlum, Twitter, Instagram eða Facebook og leitið að myllumerkjum #FromWhereIStand, #GlobalGoals og #nafnlandsins (#Iceland)
2. Þar geta nemendur séð sín eigin veggspjöld, veggspjöld annarra nemenda frá sama landi og frá öllum heiminum.
3. Ef þið hafið tengsl við skóla erlendis, hafið samband við hann og biðjið hann að taka þátt í verkefninu með ykkur og berið svo saman og ræðið niðurstöðurnar. Þið gætuð tengst í gegn um Skype svo nemendur geti tekið þátt.
4. Ef þið hafið ekki tengsl við skóla erlendis þá getið þið fundið einn á <https://schoolsonline.britishcouncil.org/about-programmes/connecting-classrooms>
5. Einnig gæti verið gott að deila myndum af veggspjöldunum ykkar á samfélagsmiðla HeForShe og UN Women: @HeForShe @UN_Women

Skref 5: Snúið ykkur aftur að aðgerðaráætluninni og byrjið á henni!

5
mín

Endurskoðið aðgerðaáætlunina og hugmyndirnar ykkar úr Skrefi 2 og haldið áfram að stuðla að jafnrétti kynjanna á jákvæðan hátt. Eldri nemendur gætu líka flett upp frábæru fólki að gera frábæra hluti á sviði stuðnings við konur og stúlkur (sjá hlekkir hér að neðan) og gengið til liðs við þá 1,3 milljarða fólks sem beita sér fyrir jafnrétti kynjanna með því að skuldbinda sig hjá:

<http://www.heforshe.org/>

- HeForShe frumkvöðlarnir: <http://www.heforshe.org/>
- UN Women: <http://www.unwomen.org/>
- UNICEF: www.unicef.org/

Take Action for the Global Goals



As an educator you have the power to channel students' positive energies and help them believe that they are not powerless, that change is possible, and that they can drive it.

Right now, students can take action for the Global Goals at the end of any of our lessons by writing to their leaders and asking them what they are doing to achieve a specific Goal.

For deeper learning and impact they can also take part in projects to make change for the Goals in their local communities. Visit the "Take Action" page on our website www.globalgoals.org/worldslargestlesson and find out more.

There are organisations, resources and lesson packs to help you get started.



Global Youth
Service Day



Jane Goodall's
roots&shoots



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



World's Largest Lesson. 2. Hluti: Hvað getur þú gert?**Lesið þetta handrit ef ekki er hægt að sýna****teiknimyndina**

Halló... halló... Eruð þið þarna?

Ég var bara að segja að við verðum að nota skapandi ofurkraftana okkar til að ná

Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna. En hvernig?

Þótt jörðin sé bara örlítill blettur í alheiminum virðist hún samt risastór fyrir okkur sem erum á henni.

Heimsmarkmiðin geta líka virst risastór. En ef þið einbeitið ykkur að því að laga hlutina heima fyrir getur það skipt miklu máli.

Þið getið hjálpað á þrjá vegu. Þið getið fundið upp hluti, skapað nýjungar og farið í baráttuherferðir. Spennið beltin og ég skal fljúga með ykkur í kring um hnöttinn til að sjá hvað unga fólk er nú þegar að gera.

Í fallegu borginni Ístanbúl hittum við Elif, hún er uppfinningamaður.

Eins og í mörgum stórborgum er mikil loftmengun í Ístanbúl.

Plast, unnið úr jarðolíu, veldur hluta af menguninni. Elif var ekki ánægð með það og velti fyrir sér hvað hún gæti gert. Hún fann upp nýtt náttúrulegt plast, búið til úr bananahýði. Nei, í alvöru. Það er ódýrt, auðvelt að endurvinna og þú getur búið það til heima í eldhúsi. Og ef þér þykja bananaeftirrættir góðir þá er engu að tapa, nema auðvitað ef þú borðar of mikið.

Tölum um klósett. Þetta er Rohit. Hann býr í Bangalore í Indlandi. Borgarbúum fer ört fjölgandi og þá verður líka meiri - ja, úrgangur, þú veist. Venjulegt klósett notar 6 lítra af vatni þegar sturtað er niður. Þetta er of mikið þar sem lítið er til af vatni.

Rohit fann upp klósett sem notar helmingi minna vatn en venjulegt klósett. Hann kallar það Vacu-flush (Sugusturt). Uppfinningin hans fékk alþjóðleg vísindaverðlaun og nú bara sturtast yfir hann velgengnin - eða þannig.

Það er líka hægt að vera nýsköpunarmaður, vera skapandi og hugsa upp leiðir til að bæta lífnaðarhætti okkar. Tökum sem dæmi Urban Creators í Norður Fíladelfíu. Þessi frábæri hópur unglinga tók að sér óræktarsvæði í hættulegu og niðurníddu hverfi. Þau byggðu upp blómlegan búskap þar sem þau rækta ferskan mat sem hundruð heimila og veitingastaða nýta sér. Life Do Grow Farm hefur umbylt samfélaginu og gert það heilsusamlegra og öruggara fyrir alla.

Talandi um heilsu og öryggi, þetta er Nígería, þar sem íbúunum fjölgar hraðast í heiminum. Meðalaldur íbúanna þar er líka einna lægstur í heimi. Næstum helmingur Nígeríubúa er yngri en 15 ára. Þetta er Charis-liðið, hópur af klárum stelpum sem eru að leysa stórt vandamál. Charis-liðið áttaði sig á því að sumstaðar í Nígeríu veikist fólk vegna þess að ekki er almennilega gengið frá rusli. Þær fundu upp Discardious símaapp til þess að láta vita af rusli sem er þá sótt á öruggan hátt með vistvænum kerrum. Sjáið bara, stundum þarf ekki nema eina góða hugmynd til að gera heiminn heilsusamlegri.

Þið getið líka verið baráttufólk.

Melati og Isabel eru systur frá Bali.

Þær hafa barist gegn því að plastpokar sköðuðu fallegu eyjuna þeirra. Milljónir plastpoka enda í sjónum. Þeir menga vatnið og skaða dýralífið í sjónum. Eða þeir eru brenndir og gusa ógeðslegum eiturefnum út í andrúmsloftið. Melati og Isabel fannst nóg komið. Þær söfnuðu undirskriftum og skipulögðu strandhreinsanir og nú hefur barátta þeirra leitt til þess að ríkisstjórnin ætlar að banna alla plastpoka á Bali fyrir árið 2018.

Að lokum skulum við halda til Jórdaníu.

Þetta er Muzoon frá Sýrlandi. Hún bjó áður í flóttamannabúðum.

Margar af stúlkunum í búðunum neyddust til að giftast svo ungar að þær urðu að hætta í skóla. Muzoon fundust þetta vera stór mistök og hún hefur barist fyrir því að sannfæra foreldra um að halda dætrum sínum í skóla og láta þær ekki giftast of ungar.

Muzoon veit að allar stúlkur eiga rétt á góðri menntun. Og sjáið bara hvað ein menntuð stúlka getur gert ef hún er nógu ákveðin.

Ungir uppfinningamenn, nýsköpunarmenn og baráttumenn út um allt eru að breyta heiminum til frambúðar. Það getið þið líka gert. Vandamálin sem blasa við eru risastór, en það eru skapandi ofurkraftarnir ykkar líka. Þið þurfið bara að leggja ykkur fram, vera skapandi og vinna saman. Ef við gerum það öll getum við náð heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030.

Ég vildi bara segja ykkur það.

Ken Robinson, Maí 2016

“Frá mínum sjónarhól”

Könnun um áhrifavalda og þá sem taka ákvarðanir í þínu nærsamfélagi.

Fylltu út könnunina með því að krossa í viðeigandi reiti.

	KONA	KARL
STJÓRNMÁLALAIÐTOGAR		
Forsætisráðherra / forseti		
Fulltrúi þíns kjördæmis á Alþingi		
STJÓRNMÁLALAIÐTOGAR SVEITARFÉLAG		
Bæjarstjóri eða borgarstjóri.		
ÁHRIFAVALDAR OG ÞEIR SEM TAKA ÁKVARÐANIR Í ÞÍNU NÆRSAMFÉLAGI		
Umsjónarkennarinn þinn		
Læknirinn þinn		
Yfirmaður annars foreldris þíns		
Lögreglustjórinn í heimabæ þínum		
Bankastjóri viðskiptabanka í heimabæ þínum		
Fréttapulur á þeirri sjónvarpstöð/rás sem þú horfir á eða ritstjóri dagblaðsins sem þú lest		
Söngvarinn í uppáhalds laginu þínu		
Íþróttþjálfarinn þinn (valkvætt)		
Prestur eða trúarleiðtogi í umhverfi þínu (valkvætt)		
SAMANLAGT:		

Athugasemd: Sumt fólk skilgreinir sig e.t.v. hvorki sem karl né konu, því mátt þú bæta við öðrum dálk ef þú vilt.


Frá mínum sjónarhól

Nafn skóla

Bæjarfélag

Fáni

Land



Þetta eru niðurstöður mínar úr könnun sem mælir hlutfall áhrifavalda og þeirra sem taka ákvarðanir í samfélaginu eftir kyni.

Kona

Karl



.@TheWorldsLesson #FromWhereIStand #.....
Kynjahlutfallið er : #GlobalGoals

Leiðbeiningar:

Reiknaðu út kynjahlutfallið.

Leggðu saman fjölda krossa í hverjum dálki og skrifaðu þá tölu í neðstu línuna.

Leggðu þessar tvær tölur saman. Til dæmis ef þú svaraðir öllum spurningunum þá er samtala dálkanna 12.

Finnið hlutfallið:

$$\frac{\text{Samtala úr konu dálknum} \times 100}{\text{Heildarsamtala}} : \frac{\text{Samtalan úr karla dálknum} \times 100}{\text{Heildarsamtala}}$$

Til dæmis, ef þú svaraðir öllum spurningunum og svörin þín innihéldu 2 konur og 10 karla þá yrði niðurstaðan þín:

$$\frac{2}{12} \times 100 : \frac{10}{12} \times 100$$

$$= 16.66 : 83.33$$

$$= 17 : 83$$

Niðurstöður þínar setur þú fram á eftirfarandi hátt: %konur : %karlar t.d. 50 : 50 eða 17 : 83
Samtala beggja hlutfalla er alltaf 100 og mundu að setja hlutfall kvenna fram á undan hlutfalli karla.

Kláraðu blaðið þitt

Nýtt blaðið „Frá mínum sjónarhól“ til að setja fram þínar niðurstöður.

Litið inn í blaðið líkt og sýnt er hér til hliðar.
Notið Ólíka liti fyrir hvort kynið.

Munið að skrifa hlutfallið skýrt fyrir neðan.

Deilið niðurstöðum ykkar

Niðurstöðurnar má færa inn á síðuna:

<https://worldslargestlesson.globalgoals.org/FromWhereIStand>

.@TheWorldsLesson #FromWhereIStand #[settu inn þitt land]

Kynjahlutfallið er x:y (settu inn þitt kynjahlutfall konur : karlar) #GlobalGoals

Twitter: @TheWorldsLesson
Facebook: TheWorldsLargestLesson

Instagram: @theworldslesson